

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. apríl 2021  
BRÓ/es

**Efni: Umsögn Orku náttúrunnar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, og lögum um stofnun Landsnets hf., nr. 75/2004 (forsendur tekjumarka, raforkuöryggi o.fl.). Þskj. 1085-628. mál.**

Orka náttúrunnar (ON) hefur borist erindi atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 29. mars 2021, þar sem óskað er umsagnar fyrirtækisins um ofangreint frumvarp (frv.):

Orka náttúrunnar leggur ríka áherslu á að í frv. verði fjallað um heimildir til beintengingar við virkjanir í þeim tilgangi að gera blönduðum jarðvarmavirkjunum kleift að bæta nýtingu jarðhitaauðlindarinnar á umhverfisvænan hátt og um leið auka verðmætasköpun. ON leggur því til að við 8. gr. frv., sem breytir 12. gr. a. raforkulaga verði bætt útfærslu á heimild til beintengingar við virkjun. Skýra þarf heimildir til að veita afslátt af flutningsgjaldi, þannig að skýrt sé að afslátturinn geti orðið allt að 100%, þannig að ekki sé greitt flutningsgjald þegar viðkomandi starfsemi hefur enga tengingu við flutningskerfið og nýtur engrar þjónustu þess. Þá sé einungis greitt fyrir kerfisþjónustu og einnig gæti verið eðlilegt að viðkomandi aðilar greiði eftirlitsgjald skv. 31. gr. laganna, þar sem Orkustofnun kemur að málum er varða beintengingar við virkjun.

ON telur að stuðla ætti að sem mestri fullnýtingu auðlinda með því að gera notendum sem í framleiðslu sinni er algjörlega háðir því að fá aðrar afurðir jarðhitavirkjunar en aðeins raforku, sbr. 6. mgr. 12. gr. a í raforkulögum, en ná ekki stórnotendaviðmiði, kleift að fá, án greiðslu flutningsgjalds heimild til beintengingar við virkjun. ON er ljóst og þekkir dæmi þess, að krafa um greiðslu flutningskostnaðar til Landsnets getur haft úrslitabýðingu um afkomumöguleika frumkvöðlaverkefna, t.d. framleiðslu rafeldsneytis og föngun og förgun koltvísýrings úr andrúmslofti, sem vilja nýta alla þá auðlindastrauma sem koma frá blönduðum jarðvarmavirkjunum. ON er kunnugt um að Landsnet hefur sjálft í umsögnum til Orkustofnunar um leyfisumsóknir um beintengingar við virkjanir bent á að skýra þurfi heimildir 12. gr. a í raforkulögum um það efni.

Almennt veltir ON því fyrir sér hvort að í fram komnu frumvarpi sé ekki farið of nákvæmlega í útfærslu á efnisatriðum, sem frekar ættu heima í reglugerð, eins og t.d. í 11. gr. frv., um skilgreiningu rekstrarkostnaðar.

ON fagnar því að í 1. gr. um markmið raforkulaga sé komin áhersla á að efla neytendavitund á markaðnum, eins og fyrirtækið gerði tillögu um þegar drög að frumvarpi voru til athugasemda á samráðsgátt.

Í 4. gr. er vísað til „stjórnarmanna“ og „starfsmanna“. ON leggur til að í lögnum í heild verði gætt kynjahlutleysis í orðavali og að „stjórnarfólk“ og „starfsfólk“ verði notað í stað framangreindra orða.

Í úttekt Fraunhofer og Deloitte á raforkumarkaði á síðastliðnu ári, er talið lykilatriði að gæta þurfi að samkeppnishæfni landsins. ON hefur á undanförunum árum gagnrýnt uppbyggingaráform Landsnets í kerfisáætlunum fyrirtækisins með þeim varnaðarorðum að samkeppnishæfni sé í húfi, með afar litlum árangri. Eftirlit Orkustofnunar á nýjum fjárfestingum hefur ekki verið með

hagkvæmni að leiðarljósi og að mati ON getur fátt komið í veg fyrir að gjaldskrá Landsnets muni hækka langt umfram verðlag á næstu árum og áratugum.

Í þessu tilliti, bendir ON á varðandi 7. gr. frv. að óljóst virðist hvað teljist vera stórar nýjar fjárfestingar, þ.e. hvar mörkin milli stórra og minni fjárfestinga liggja. Einnig virðist óljóst hvar rekstrarkostnaður vegna nýrra fjárfestinga á að liggja, þ.e. hvort að hann telst til viðbótarrekstrarkostnaðar skv. c. lið eða viðráðanlegs rekstrarkostnaðar skv. a. lið. Ef ekki eru sett mörk á það hve stór fjárfesting þarf að vera stór, að lágmarki, er hætt við því að eftirlit Orkustofnunar verði ómarkvisst. Sérhver fjárfesting, hversu smá sem er gæti verið kynnt til sögunnar sem „stór fjárfesting“ og þannig fengi Landsnet ný tekjumörk og rekstrarkostnað greiddan með notkunargjöldum. ON mælir því eindregið með því að þetta sé útfært betur í lögum. Sé það ekki gert, mælir ON með því að bæði Orkustofnun og greiðendum kerfisins sé gefinn kostur á að kalla eftir úttekt á stórum fjárfestingum, á sama hátt og Orkustofnun er leyfilegt að kalla eftir úttekt á hagræðingarkröfu.

Varðandi rannsóknar- og þróunarkostnað bendir ON á að eignastofn Landsnets er þrískiptur; fyrir stórnotendur, fyrir dreifiveitur og svo sameiginlegur hluti, sem nýtist bæði stórnotendum og dreifiveitum. Skilgreina þarf að hvaða hluta eignastofnsins rannsóknar- og þróunarverkefni snúa. Þróunarkostnaði vegna eins hluta verði þannig ekki dreift á alla hluta eignastofnsins, heldur einungis þann hluta sem kostnaðurinn beinist að.

Varðandi 9. gr. frv. bendir ON á að viðskiptavinir Landsnets ættu að geta kallað eftir úttekt Orkustofnunar og hagræðingarkröfu þegar og ef Landsnet nær ekki markmiðum um skilvirkni í rekstri .

Varðandi 9. gr. frv. bendir ON á að jöfnunarorka er ekki keypt á markaði eða boðin út. Hún er afleiðing af viðskiptum og röngum spám en er ekki keypt sérstaklega inn, heldur er greiðsla sem er afleiðing af viðskiptum og á því ekki heima í upptalningu nýs 3. tl. 3. mgr. 16. gr.

Varðandi kafla 3.2 í greinargerð með frumvarpinu bendir ON á að ekki er ljóst hvernig með verður farið ef raunkostnaður vegna framkvæmda verður mikið hærri en áætlanir kveða á um. Umfjöllun um eftirfylgni og kostnaðareftirlit vantar. Óeðlilegt að kostnaður geti farið langt umfram áætlun og haft þannig áhrif á flutningskostnað til hækkunar frá því sem ráð var fyrir gert, en það gæti verið afleiðing þess að vera með kerfisáætlun annað hvert ár í stað árlegrar kerfisáætlunar. Lengri tími líður milli endurskoðunar kerfisáætlunar en verið hefur og því er minni möguleiki á að grípa í taumana ef kostnaður við framkvæmdir fer úr böndunum.

Virðingarfyllst,



Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra